# DEILISKIPULAG REYKJAVÍKURFLUGVALLAR - BREYTT AÐKOMA NEYÐARBÍLA AÐ FLUGSKÝLUM LANDHELGISGÆSLUNNAR




GILDANDI DEILISKIPULAG REYKJAVÍKURFLUGVALLAR mkv. 1:1000




TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAG REYKJAVÍKURFLUGVALLAR mkv. 1:1000



GILDANDI DEILISKIPULAG REYKJAVÍKURFLUGVALLAR (smækkaður uppdráttur)
Samþ. í Borgarráði 28.apríl 2016, með síðari breytingum.

## GREINARGERÐ MEÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU

Í gildi er deiliskipulag Reykjavíkurflugvallar sem samþykkt var í Borgarráði 28.apríl 2016 með síðari breytingum.

Sótt er um breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar, þannig að inn- og útakstur neyðarbíla að flugskýlum Landhelgisgæslunnar er færður að nýjum aðkomuvegi norðan flugskýla. Kemur það til af uppbyggingu nýs flugskýlis sem kemur fyrir núverandi aðkomuleið, auk þess sem tilfærslan styttir aðkomuna og færir hana frá fyrirhugaðri Borgarlínustöð. Eldri innakstur er óbreyttur og áfram nýttur fyrir aðra umferð að starfsemi Landhelgisgæslunnar.

Nýr aðkomuvegur er tvöfaldur, með eina akrein í hvora stefnu, lagður varanlegu slitlagi. Umhverfis nýtt hlið er flugvallagirðingin dregin 6 metra inn til að neyðartæki, s.s. sjúkrabílar geti vikið af akstursbrautum meðan hlið opnast. Götulýsing skal taka tillit til hæðatakmarkana og öryggisregla flugvallarins og vera samþykkt af Isavia.
Lega nýs aðkomuvegar og staðsetning hliðs er leiðbeinandi á deiliskipulagi og er heimilt, í samráði við Reykjavíkurborg, að hann og hliðið hnikist til við nánari útfærslu.
Nýtt hlið er aðgangsstýrt og fyrir inn- og útakstur neyðartækja og tækjabúnaðar á vegum Isavia.

Á skipulagsuppdráttum er utan skipulags Reykjavíkurflugvallar sýnt fyrirhugað gatnafyrirkomulag í tengslum við Borgarlínu, svo hægt sé að sjá tengingarnar í samhengi við uppbyggingu hennar.

Að öðru leiti gilda eldri samþykktir skilmálar óbreyttir.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030

### Skýringar

- DEILISKIPULAGSMÖRK
- LANDAMÖRK Á EIGNARLANDI RÍKIS OG BORGAR, SKV. SAMKOMULAGI UM SKIPULAG OG UPPBYGGINGU Á LANDI RÍKISINS VIÐ SKERJAFJÖRÐ, DAGS. 1. MARS 2013."
- ÖRYGGISGIRÐING
- NÚV. BYGGINGAR SKV. LUKR
- HEIMILAÐ NIÐURRIF
- REITAAFMÖRKUN
- TILLAGA AÐ NÝJUM BYGGINGARREIT
- FRAMTÍÐAR MÖRK ÖRYGGISGIRÐINGAR
- MÖRK FLUGÖRYGGISSVÆÐIS
- FRIÐAÐAR BYGGINGAR / -MINJAR
- FLUGGARÐAR, VÍKJANDI STARFSSEMI
- HÆÐAMÖRK MANNVIRKJA

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í/á skipulags-og samgönguráði þann 12. janúar 2022

Til samræmis við heimild í 3. mgr. 44. gr. i.f. var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og/eða umsækjanda.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 1. febrúar 2022

REYKJAVÍKURBORG SKIPULAGSFULLTRÚI

BREYTINGAR.

T.ark
ARKITEKTAR
HÁTÚNI 2b - 105 REYKJAVÍK
SÍMI: 540 5700
tark@tark.is - www.tark.is

VERKHEITI
**REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR**
Tillaga að deiliskipulagi

VERK
Nýtt hlið neyðarbíla að flugskýlum Landhelgisgæslunnar

| | |
|---|---|
| MÁL: 1:1000 / A1 | DAGS.: 16.11.2021 |
| HANNAÐ: HE | TEIKNAÐ: HE |
| YFIRFARIÐ: | |

| VERKNÚMER | FL | TEIKNINGANÚMER | ÚTG |
|---|---|---|---|
| 400-020 | 04 | 1.1-01 | |

SAMÞ.

Öll afnot og afrit teikninga, að hluta eða heild, er háð sambykki höfunda, skv. ákvæðum höfundalaga.